



ALÞJÓÐAMÁLA-  
STOFNUN

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 5. desember 2022

**Efni: Umsögn um þingskjal 139: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknasetur öryggis- og varnarmála.**

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands telur, líkt og tillöguflytjendur, brýna þörf vera á að styrkja rannsóknir á sviði utanríkis- og öryggismála á Íslandi. Á þeim viðsjárverðu tímum sem nú blasa við okkur er meiri þörf en nokkru sinni á öflugum og vönduðum rannsóknum þar sem lögð er áhersla á að greina varnar- og öryggismál. Rannsóknir eru grunnur að upplýstri ákvarðanatöku og stefnumótun og mikilvægt verkfæri til að dýpka skilning okkar á stöðu mála og hjálpa stjórnvöldum þannig að takast á við breytingar á alþjóðavettvangi.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er eina stofnunin sem sinnt hefur fræðslu- og rannsóknum á sviði öryggis- og varnarmála hér á landi undanfarna áratugi en oft hefur verið bent á mikilvægi þess að efla starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði. Ein af tillögnum í nýlegri skýrslu Björns Bjarnasonar, sem norrænu utanríkisráðherrarnir fólu honum að skrifa á síðasta ári, var að kanna möguleika á auknu norrænu samstarfi á ýmsum sviðum varnar- og öryggismála og þá ekki síst í rannsóknum norrænna alþjóðamálastofnana. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum halda úti öflugum alþjóðamálastofnunum, sem stefna allar að því að auka enn frekar rannsóknir og fræðslu um varnar- og öryggismál. Mikilvægt er að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands dragist ekki aftur úr norrænu systurstofnunum hvað þetta varðar en Alþjóðamálastofnun hefur verið í nánu samstarfi við þær til margra ára.

Stofnunin sinnir nú þegar fjölmörgum verkefnum sem stuðla að þekkingarsköpun á Íslandi á þessu sviði. Þar má til að mynda nefna alþjóðlegt rannsóknarverkefni um upplýsingaóreiðu og falsfréttir, rannsóknaverkefni tengt öryggismálum á norðurslóðum, rannsóknir á viðhorfum Íslendinga til öryggismála, námskeið í friðar- og átakafræðum og námskeið í samningatækni og afvopnunarmálum, svo eitthvað sé nefnt. Þar að auki má geta þess að árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar um helstu áherslur Íslands í alþjóða- og utanríkismálum hefur unnið sér sess sem einn helsti vettvangur umræðu um alþjóðamál á Íslandi.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hefur áralanga reynslu af því að stýra alþjóðlegum þverfræðilegum rannsóknarverkefnum og hefur í starfi sínu lagt áherslu á að tengja saman þá fræðimenn sem stunda rannsóknir á sviði alþjóða- og öryggismála á Íslandi þegar kemur að umfangsmiklum rannsóknaverkefnum, kennslu og þátttöku í opnum viðburðum og ráðstefnum innanlands og utan. Öflugt rannsóknasamstarf innanlands á sviði varnar- og öryggismála stuðlar að aukinni þekkingu og auðveldar stjórnvöldum að taka ákvarðanir um hvernig bregðast skuli við breytingum á öryggisumhverfi Íslands.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands fagnar auknum áhuga þingmanna á að styrkja og efla rannsóknir og þekkingu á sviði varnar- og öryggismála og lýsir sig reiðubúna til að þróa slíkar hugmyndir áfram í góðu samstarfi við utanríkisráðherra, Alþingi og íslensk stjórnvöld.

f.h. Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands,

Pia Hansson, forstöðumaður



Dagsett: 28. febrúar, 2023

## **Efni: Umsögn um þingskjal 139: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknasetur öryggis- og varnarmála**

Ég tel, líkt og tillöguflýtiendur, brýna þörf vera á að styrkja rannsóknir á sviði utanríkis- og öryggismála á Íslandi. En hins vegar tel ég að hvorki sé stigið nógu stórt skref né rétta. Rannsóknarsetur öryggis- og varnarmála er framfaraskref en sem rannsóknarstofnun fyrir ríki þess er hún veik undir umsjónarvaldi háskólastofnunnar.

Ég tel brýnt að framkvæmdarvaldið, annað hvort undir stjórn Utanríkisráðuneytisins og undir hatt varnarmálaskrifstofu, eða Landhelgisgæsla Íslands, sem fer með framkvæmd varnarsamingsins og varnartengd verkefni, sjái um þessa nauðsynlegu rannsóknarvinnu. Best væri að sérstök varnarmálastofnun sæi um rannsóknarvinnuna.

Þann 27. október, 2005, reifaði ég fyrstur Íslendinga í blaðagrein þá hugmynd að koma á fót íslenska varnarmálastofnun.

Sjá eftirfarandi slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1046006/>

Þar segi ég um samingaviðræður íslenskra stjórnvalda við bandaríska varnarliðið sem var þá á förum og raungerðist 2006: „Engra grundvallarspurninga er spurt í þessu samningaferli né þeim svarað, s.s. hver er framtíðarsýn íslenskra stjórnvalda í varnarmálum? Ætla þau sér að láta Bandaríkjaher annast landvarnir næstu 10 árin eða 50 ár...? Eru kannski aðrir valkostir í stöðunni, sem kynnu e.t.v. að myndast, t.d. með stofnun Evrópuhers? Eru varnir Íslands undir samningum við Bandaríkin komnar eða ber fyrst og fremst að líta á þær sem einkamál Íslendinga, sem þeir verða að ræða og koma sér saman um áður en talað er við vinabjóðir? Ef svo er, þ.e.a.s. að varnarmálin séu í raun fyrst og fremst einkamál Íslendinga, þá er ljóst að fræðilegar umræður skortir sem og sérfræðinga á sviði varnamála og hvers vegna skyldi standa á því? Jú, það er ekki til nein stofnun hér á landi sem getur tekist á við slík mál.“

Síðar í blaðagrein minni segi ég: „Hér er varpað fram þeirri hugmynd hvort ekki sé tímabært að koma á fót sérstakri varnamálastofnun. Fráfarandi sendiherra Bandaríkjanna, James I. Gadsden, kom með þessa hugmynd áður en hann lét af embætti og er hún athyglisverð. Slík stofnun myndi tvímælalaust styrkja stöðu okkar innan NATÓ sem og samskiptin við bandalagið. Hún yrði skipuð hæfum sérfræðingum og gæti skapað fræðilegar umræður og staðið fyrir ráðstefnuhaldi og leiðtogafundum. Hún sæi um stefnumótun og framkvæmd ýmissa mála sem snerta beint varnarmál landsins en einnig mál sem gerast á alþjóðavettvangi. Hér má nefna að slík stofnun, sem gæti verið innan vébanda utanríkisráðuneytisins, væri mikill styrkur ef Íslendingar gengu í öryggisráð SP. Ef til vill hefði mátt koma í veg fyrir að



Íslendingar hefðu dregist inn í klúðrið kringum Íraksstríðið ef stjórnámálamennirnir hefðu fengið viturleg ráð. Önnur verksvið hennar gætu t.d. verið landvarnaræfingar, s.s. Samvörður og Norður-víkingur, almennar almannavarnir, verkefni tengd leynipjónustustarfsemi, samstarf við friðargæsluna auk fræðilegra rannsókna og ótal annarra verkefna.“

Með öðrum orðum lagði ég til að slík varnarmálastofnun sæi um rannsóknarvinnu tengdri öryggis- og varnarmálum. Ég tel eðlilegra að íslensk stjórnvöld sjái um slíka rannsóknarvinnu en háskólastofnanir enda ein af grundvallarskyldum ríkisvaldsins sjálfs, ekki háskólastofnanna.

Ég tel farsælast að tillöguflytjendur endurskoði málið aðeins betur og komi frekar með tillögu um endurreisn Varnarmálastofnunar Íslands sem ég hafi verið mikið óheilaskref að hafa verið lögð niður. Innan veggja slíkrar stofnunar væri öryggis- og varnarmálastefna Ísland mörkuð til framtíðar út frá öryggishagsmunum Íslendinga sjálfra, ekki annarra þjóðar sem og tilheyrandi rannsóknarvinna. Eins og staðan er í dag, eru það bandarískir hershöfðingjar og hernaðarsérfræðingar bandríska hersins sem ákveða hvað teljist vera íslenskir öryggishagsmunir, ekki Íslendingar sjálfir sem hafa ekki þá þekkinguna sem til þarf.

Sem sjálfstæð þjóð, ættu Íslendingar að hafa frumkvæðið að eigin vörnum og bera þá ábyrgð sem sérhvert fullvalda ríki ber að taka á sig í varnarmálum.

Virðingarfyllst,

---

Birgir Loftsson, sagnfræðingur



Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Dags.: 29. nóvember 2022  
2211121 MJN

**Efni: Umsögn um þingskjal 139 — Tillaga til þingsályktunar um rannsóknasetur öryggis- og varnarmála**

Til að byrja með skal tekið undir með tillöguflýkjendum um mikilvægi þess að til staðar sé sjálfstæð, fræðileg geta til greiningar og umfjöllunar um öryggis- og varnarmál í víðu samhengi. Of lengi höfum við Íslendingar eftirlátið öðrum þjóðum að meta öryggishagsmuni okkar og sjá um framfylgni þeirra og mjög mikilvægt er að sjálfstætt og fullvalda ríki haldi betur utan um þessa hagsmuni sína en Ísland hefur gert til þessa.

En við undirrituð, fræðimenn á sviði alþjóðastjórn mála, lögfræði og áfallastjórnunar, viljum leggja til að slíkt setur verði ekki bundið einum íslenskum háskóla, eins og lagt er til í nefndri þingsályktun, enda er þekkingu um málið að finna víðar en innan Háskóla Íslands. Okkar tillaga væri því að gefa öðrum háskólum kost að því að koma að þessu starfi og að setrið yrði ekki undir hatti Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands, heldur sjálfstætt setur í samstarfi íslenskra háskóla sem búa að fræðilegri þekkingu á þessum sviðum. Við minnum á að ráðherra háskólamála er að setja talsvert fjármagn í samstarfsverkefni á milli íslenskra háskóla og líklegt er að setur á borð við þetta gæti sótt fjármuni í þann pott, sem það myndi annars ekki geta gert ef setrið væri eingöngu í Háskóla Íslands.

Hvað varðar okkur á Bifröst þá erum við með sérstakt meistaranám í Áfallastjórnun, sem tengist öryggis- og varnarmálum með beinum hætti. Að auki höfum við lengi kennt fjölda námskeiða á svið öryggis- og varnarmála, svo sem áfanga í friðar- og áfallafræði. Okkar fólk hefur starfað alþjóðlega, meðal annars á vettvangi NATO í Afganistan og víðar við pólitíska ráðgjöf og önnur störf tengd brothættum svæðum. Við höfum við ritað fjölda bóka og



vísindagreina sem tengjast öryggisáskorunum samtímans. Nokkrar þessara bóka, svo sem um popúlisma, upplýsingaóreiðu, samsæriskenningar og um uppgang öfgahópa hafa komið út hjá virtum alþjóðlegum fræðibókaförögum og eru kenndar víða um heim. Við teljum okkur því hafa sitthvað til málanna að leggja í þessum efnum sem myndi nýtast vel í störfum fræðaseturs um öryggis- og varnarmál og sem gæti styrkt starf þess til muna ef af verður.

Virðingarfyllst,

Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, dósent í áfallstjórnun við Háskólann á Bifröst,  
Dr. Bjarni Már Magnússon, prófessor í lögfræði  
Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórn málafræði við Háskólann á Bifröst,  
Dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon, dósent í stjórn málafræði við Háskólann á Bifröst